

## Bókafundur Betadeildar haldinn 11. janúar 2017 á heimili Önnu Þóru

### Baldursdóttur að Eikarlundi 10.

1. Aníta setti fundinn, bauð konur velkomnar og færði Önnu Þóru rós og þakkir fyrir að taka á móti Betakonum. Hún bar þá fundinum kveðjur fjarstaddra kvenna.
2. Eygló kveikti á kertum. Aníta kynnti undirbúningsnefnd fundarins og fól henni stjórn dagskrár. Minnie tók við fundarstjórn fyrir hönd undirbúningshóps. Hún greindi frá þeirri ákvörðun undirbúningsnefndar að sleppa liðnum orð til umhugsunar því reynsla undanfarinna ára hefur verið sú að bókafundir hafa orðið nokkuð langir.
3. Lestur fundargerða. Fríða las fundargerðir 2ja síðustu funda. Voru þær samþykktar með einni athugasemd. Í framhaldi af lestri fundargerða var gerð fyrirspurn um kynningarfund vegna stofnunar nýrrar deildar á Norðurlandi-Vestra sem Elín M. og Eygló tóku þátt í að undirbúa. Þær sögðu frá því að fundurinn hefði verið haldinn en það hefði verið fámennt og málið væri í biðstöðu.
4. Björk fagnaði 50 ára afmæli þann 21. des. sl. Aníta færði henni gjöf frá Betasysturum í tilefni tímamótanna; Gjöf sem gefur frá UNICEF sem geymir næringarþakka fyrir vannærð börn. Aníta sagði einnig frá því að Ragnheiður Stefánsdóttir hefði átt stórafmæli í júlí sl. og greindi frá því að henni yrði einnig send gjöf frá Betasysturum.
5. Erindi frá stjórn: Aníta minnti á styrki sem veittir eru á vegum DKG samtakanna, umsóknarfrestur alþjóðastyrkja rennur út þann 1. feb. og innanlands þann 1. mars. Hún minnti einnig á það að skila þarf ágripum vegna erinda á Evrópuþingi fyrir 1. feb. Hún sagði þá frá því að Jónína Hauksdóttir hefði brugðist við þegar auglýst var eftir framboðum í uppstillingarnefnd samtakanna og búið væri að senda upplýsingar um framboð hennar til stjórnar. Að lokum bað Aníta félagskonur um að fylgjast með vef DKG og á facebook síðu Betadeildar.
6. Þá var ekkert að vanbúnaði að hefja bókaumræður. Minnie gerði grein fyrir því að hver kona fengi þrjár mínútur til þess að kynna þá bók sem hún hefði valið. Rósa tók að sér tímastjórn og skemmst er frá því að segja að skipulagið var afar gott og umræður áhugaverðar. Kaffihlé var tekið er hringurinn var rúmlega hálfnaður og voru veitingar kaffinefndar veglegar að vanda.
7. Að loknum umræðum var pyngjan látin ganga og dregið var í happdrætti. Hugrún varð sú heppna að þessu sinni.
8. Tvær bækur vour valdar til lestrar á leshringsfundi sem haldinn verður 20. mars nk. Sá fyrirvari er þó gerður að á febrúarfundi verði það rætt hvort halda eigi leshringsfundum til streitu þar sem þeir hafa verið fámennir undanfarin ár. Almenn virtist vera vilji til þess að halda leshring og því var ákveðið að lesa bækurnar **Svartalog** eftir Kristínu Mörju Baldursdóttur og bókina **Þar sem fjórir vegir mætast** eftir finnska höfundinn Tommi Kinnunen.
9. Elín Magnúsdóttir sem er í undirbúningshópi vegna landsambandsþings í vor kynnti þá hugmynd að bjóða upp á sögugöngu um innbæinn í tengslum við þingið. Hún vildi kanna hvort konur úr Beta vildu taka að sér leiðsögn í slíkri ferð. Engin bauð sig fram en konur voru beðnar um að hugsa málið fram að næsta fundi. Góður rómur var gerður að þessari hugmynd. Mýdeild mun einnig kanna innan sinna raða hvort þar leynist leiðsögumenn.

10. Aníta þakkaði konum fyrir góðan fund og vakti athygli á því að meirihluti þeirra bóka sem ræddar voru, fjölluðu um konur og eru eftir konur. Hún þakkaði Önnu Þóru enn frekar fyrir að taka á mótí okkur og minnti á að næsti fundur verður í VMA og mun hefjast kl. 19.
11. Anna Þóra slökkti þá á kertum og sleit fundi kl. 21:50.

Fundargerð ritaði Fríða Pétursdóttir